



Hestamannafélagið Glaður

Sunnubraut 7
370 Búðardal
www.gladur.is

Stjórnarfundur 13. september 2017

Endurritað úr fundargerðarbók Glaðs á ábyrgð ritara:

Stjórnarfundur í Hestamannafélaginu Glað þann 13.09.2017 kl. 21:00.
Fundurinn haldinn á Sunnubraut 7.

Mættir eru Þórður, Svala, Þórarinn, Heiðrún Sandra og Vilberg.

1. Uppgjör Fjórðungsmóts Vesturlands, við uppgjör á Fjórðungsmóttinu var tap uppá 2.878.237. Veltum við upp möguleikunum þar sem langt er liðið síðan mótið var haldið og reikningar að hluta greiddir og hinir komnir á gjalddaga. Félögin sem standa að Fjórðungsmóttinu skipta með sér tapinu og eru sammingsbundin til að gera það. Veltum við því fyrir okkur hvort hægt væri að semja um lækkun á þóknunum en það eru einn eða tveir reikningar óborgaðir, hinir greiddir. Þannig að okkur fannst kannski erfitt að fara núna svona seint að reyna að semja um lækkun á einum eða tveimur reikningum þar sem hinir voru greiddir þegar við erum að fjalla um þetta.
2. Tölum um tímasetningu á að veita verðlaun fyrir síðasta tímabil. Talað um að gott væri að vera búinn að gera upp áður en næsta mótaröð byrjar.

Vilberg Þráinsson